

Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað
Bryndís Fiona Ford
701, Egilsstaðir
Ísland



Kópavogi, 29.03.2016

Tímabundin viðurkenning 29.03.2016 – 29.03.2017

Vísað er til bréfs Handverks- og hússtjórnarskólans á Hallormsstað, dagsett 17.03.2015, þar sem sótt er um viðurkenningu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi.

Samkvæmt III. kafla laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, getur mennta- og menningarmálaráðherra veitt skólum, öðrum en opinberum framhaldsskólum, viðurkenningu til kennslu á framhaldsskólastigi. Í slíkri viðurkenningu felst staðfesting á því að starfsemi skóla uppfylli, á þeim tíma sem viðurkenningin er veitt, almenn skilyrði laganna og reglna sem settar eru með stoð í þeim. Reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010, var sett 11. maí 2010.

Menntamálastofnun hefur metið skólanámskrá og önnur framlögð gögn um starfsemi Handverks- og hússtjórnarskólans á Hallormsstað. Gögnin voru borin saman við lög um framhaldsskóla, reglugerð um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi og almennan hluta aðalnámskrár framhaldsskóla. Meðal atriða sem metin eru sérstaklega eru rekstrarform, markmið náms og markhópur nemenda, skólanámskrá (með hliðsjón af starfsháttum, skipulagi náms, inntökuskilyrðum, réttindum og skyldum nemenda o.fl.), námsbrautalýsingar, áfangalýsingar, staðfesting á fjárhagslegri ábyrgð og rekstraröryggi, menntun og kjör starfsfólks og starfsaðstaða. Sundurgreindar niðurstöður matsins fær skólinn sendar með bréfi þessu.

Viðurkenningin grundvallast á skólanámskrá Handverks- og hússtjórnarskólans sem gildir fyrir skólaárið 2015-2016 og tekur til kennslu námsbrauta með námslok 5 - *Önnur lokapróf á öðru þrepi*.

Viðurkenningin byggir á því að kennsla fari fram í húsnaði skólans að Hallormsstað 701 Egilsstöðum, sem hefur verið tekið út og samþykkt af heilbrigðiseftirliti og slökkviliði viðkomandi sveitarfélags. Jafnframt byggir hún á því að starfsemi skólans fari fram samkvæmt þeim forsendum og skilyrðum sem rakin eru hér í framhaldi.

Skólanum ber, skv. 3. grein reglugerðar um viðurkenningu einkaskóla á framhaldsskólastigi, nr. 426/2010, að senda Menntamálastofnun árlega skýrslu um starfsemina og veita henni allar umbeðnar upplýsingar um rekstur og starfsemi þegar þess er óskað.

Með skóla- og kennarafundi skal fara samkvæmt ákvæðum 9. og 10. gr. laga um framhaldsskóla.


Skólinn skal hafa frumkvæði að því að upplýsa Menntamálastofnun án tafar um breytingar sem kunna að verða á starfsemi eða aðstöðu hans sem viðurkenning þessi byggir á.

Á grundvelli þess sem að framan greinir veitir Menntamálastofnun hér með Handverks- og hússtjórnarskólanum á Hallormsstað, kt. 640169-0959, tímabundna viðurkenningu til eins árs til kennslu á framhaldsskólastigi frá dagsetningu þessa bréfs. Áður en til fullrar viðurkenningar kemur þarf skóli að fá staðfestingu ráðuneytis á námsbrautarlýsingu. Viðurkenning þessi felur hvorki í sér vilyrði um framlög né fjárskuldbindingu af hálfu ríkissjóðs. Hún veitir nemendum skólans ekki sjálfkrafa rétt til fyrirgreiðslu úr Lánasjóði íslenskra námsmanna. Skólinn ber sjálfur alla ábyrgð á eigin skuldbindingum og starfsemi.

Skólinn skal birta viðurkenningarbréf þetta ásamt skólanámskrá, verðskrá og gjaldtökureglum á vef sínum. Menntamálastofnun áskilur sér rétt til að birta viðurkenningarbréf þetta á vef sínum ásamt skólanámskrá Handverks- og hússtjórnarskólans á Hallormsstað.

Uppfylli skólinn ekki lengur skilyrði laga, nr. 92/2008, um framhaldsskóla eða fyrirmæli sett samkvæmt þeim, getur ráðherra afturkallað viðurkenninguna.

Virðingarfyllst,



Arnór Guðmundsson
forstjóri